

Heiti áfanga: DANS2BB05

Titill: Dönsk nútímamenning og munnleg færni

Prep: 2

Staða áfanga: Áfanginn er kjarnaáfangi á málabraut og valáfangi á öðrum brautum.

Kennsla: Kennt er 4 klukkustundir á viku. Áfanginn er kenndur bæði á haustönn og vorönn.

Undanfari: DANS2AA205 / DANS2AH05

Stutt lýsing á efni áfangans:

Dönsk nútímamenning. Unnið verður með málefni sem snúa að menningu ungs fólks í gegnum t.d. tónlist, þætti, kvikmyndir, smásögur, ljóð og ýmsar greinar. Sérstönd menning verður rædd, til dæmis lýðháskólar og tónlistarhátíðir. Lögð verður áhersla á að nemendur nái munnlegri færni í gegnum samræður og leiki.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Kennslan er miðuð við B2 samkvæmt evrópsku tungumálamöppunni. Áfanginn byggir á þeirri hæfni sem nemendur hafa tileinkað sér í undanfarandi áfanga. Kennslan miðar að því að auka færni nemanda í tali, hlustun, lestri og ritun. Stefnt er að því að auka orðaforða nemenda á ýmsan hátt og að þeir geti tjáð hugsun sína og rökstutt mál sitt með áherslu á munnlega færni. Í áfanganum er lagt upp með að nemendur vinni saman, stundu sjálfstæð vinnubrögð, taki ábyrgð og sýni skilning á eigin námi og námsvenjum.

Námsmat: Lokapróf er tekið í lok annarinnar og gildir 50% af lokaeinkunn. Nemendur verða að ná lokaprófinu með lágmarkseinkunn 5 (til að ná áfanganum) til að fá próf og verkefni á önn metin sem hluta af lokaeinkunn. 30% af námsmati byggir á mætingu. Nemendur verða að ná 80% raunmætingu til þess að standast áfangann. 20% af námsmati byggir á þáttöku og verkaefnavinnu í áfanganum.

Námsefni: Textar, málfræði og verkefni sem fást hjá kennara og eru aðgengileg á INNU.

Dönsk þáttaröð.